



Ársskýrsla 2002





Efnisyfirlit

	Bls.
Framkvæmdastjórn ÍSÍ	2
Íþróttamiðstöðin í Laugardal	2
Afmæli ÍSÍ	3
Erlend samskipti	3
Lausanneferð	3
Skrifstofa ÍSÍ í Reykjavík og á Akureyri	4
Aðalfundur EOC á Íslandi	4
Útgáfa Íþróttablaðsins	5
Verkefnasjóður	5
Undanþága vegna íþróttaiðkunar í grunnskóla	5
Bókhald sérsambanda	5
50 ára afmæli sigurs í landskeppni	6
Framlög ríkisins	6
Afrefssjóður ÍSÍ	6
Hnefaleikar lögleiddir	7
Viðurkenning til Austur-Héraðs	7
Slysatryggingar íþróttamanna	8
Ólympíusamhjálpin	8
Fjármál íþróttahreyfingarinnar	9
Tölvumál	9
Heimasíða ÍSÍ	9
Lagamál	9
Getspá/Getraunir	10
Ólympíufjölskyldan	11
Ólympíuleikar Sydney 2000	12
Ólympíuleikar 2002	
– Salt Lake City	12
Ólympíuleikar í Apenu 2004	12
Lyfjaeftirlitsmál	13
Smáþjóðaleikar 2001	
í San Marínó	14
Smáþjóðaleikar Malta 2003	14
Sumarhátíð Ólympíudaga	
Evrópuæskunnar 2001 Murcia	15
Fagteymi	15
Ólympíuakademían	15
Vetrarhátíð Ólympíudaga	
Evrópuæskunnar 2001	16
Útgáfumál	16
Kvennahlaup ÍSÍ	17
Ísland á iði 2002	
– afmælisverkefni ÍSÍ	17
Fræðslu- og útbreiðslumál	18
Mannvirkjavefurinn	19
Samstarf við	
íþróttáfræðasetur KHÍ	19
Styrktarsjóður ungra og efnilegra	20
Fyrirmyndarfélag	20
Ungmennahólfing	20
Heiðursviðurkenningar	20
Tölfræðiupplýsingar frá ÍSÍ	21
Skoðanakönnun Gallup	32
Ársreikningar	39

Við erum á réttri leið



Þegar þessi skýrsla kemur út og íþróttahólfing er haldið, fagnar ÍSÍ níutíu ára afmæli sínu. Sú saga sem skipulögð íþróttahreyfing hefur skráð, er löng og viðburðarrík en er

þó ekki lengri en sem nemur einni mannsævi. Samt hafa tugþúsundir Íslendinga komið við sögu, í leik og starfi, samt hafa íþróttamannvirki verið reist um gjörvallt landið og samt getum við státað okkur af ótrúlegum árangri og afrekum.

Stundum er sagt að íþróttahreyfingin sé ábyrgðarlaus í fjármálum og býsnast er yfir skuldum hennar. Og víst er það rétt að íþróttafélög reisa sér hurðarás um öxl og ekki er á vísan að róa í tekjum og rekstrarfé. En allt stafar það af miklum metnaði og kröfum sem gerðar eru til íþróttastarfsins. Foreldrar vilja bestu aðstöðu og þjálfun fyrir börnin sín. Stuðningsmenn vilja veg síns félags eða sinnar íþróttar sem mestan. Landsmenn allir og við sjálf ætlumst til góðrar frammistöðu, þegar att er kappi við erlenda keppinauta.

Íþróttirnar rísa ekki alltaf undir þessum mælistikum. Þó það nú væri, í starfi, sem að langmestu leyti er borið uppi af sjálfbodaliðum og félagsinnuðu fólki, án endurgjalds.

ÍSÍ hefur látið fjármál hreyfingarinnar sig nokkru varða, með því að óska eftir ábyggilegri starfsskýrslum, með auknu eftirliti, með ráðstefnuhaldi og umræðum og með því að höfða til ábyrgðar, þeirra, sem standa í forystu félaga og sambanda. Enda eru ýmis teikn á lofti um meiri ráðvendni og að íþróttastarfið sníði sér stakk eftir vexti.

Hinu megum við heldur ekki gleyma og þeim skilaboðum þarf að koma út til þjóðarinnar, að arður og auður íþróttahreyfingarinnar er ekki einasta í aurum og krónum talinn. Íþróttir eru fyrst og fremst áskorun til æskunnar,

að stunda heilbrigða tómstundaiðju, hvatning til hinnar eldri að iðka líkamsrækt og viðhalda heilsunni, vettvangur uppeldis og umhverfis, þar sem leitast er við að bjóða upp á skemmtilegan félagsskap, holla afþreyingu og nokkurn þroska til manndóms og meiri átaka á leikvelli alvörunnar. Íþróttir eru, þrátt fyrir allt, leikur og skemmtan, þar sem enginn býður lægri hlut, einfaldlega vegna þess að árangur í íþróttum mælist í þeirri nautn og þeirri útrás, sem felst í því að taka þátt, vera með.

Það verður ekki annað sagt en að íþróttahreyfingin sé á góðu róli. 97% landsmanna telur að reglubundin hreyfing skipti máli fyrir heilsufar sitt. 75% landsmanna eru jákvæðir gagnvart ÍSÍ og helmingur Íslendinga er skráður, sem félagi í íþróttahreyfingunni.

Ríkisvaldið hefur verið okkur vinsamlegt í fyrirgreiðslu og styrkveitingum og sveitarstjórnir hafa byggt fleiri og veglegri mannvirki fyrir íþróttir en dæmi eru um áður. Hér á landi eru stundaðar hátt á þriðja tug íþróttagreina og nær allar halda þær uppi myndarlegu starfi og keppni.

Mér er til efs að Íslendingar geti stært sig af fleiri og betri afrekum en á síðustu tveim árum í keppni á alþjóðavettvangi. Fleiri íþróttagreinar eru að hasla sér völl og sækja um aðild að ÍSÍ.

Í Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands sameinast allar þessar íþróttir undir einum fána, í þágu hugsjóna sinna og verkefna. Skýrsla framkvæmdastjórnar ÍSÍ ber þess merki að starfið er umfangsmikið, fjárhagurinn hefur batnað, ráðstefnum og námskeiðum hefur fjölgað, almenningsíþróttum vex fiskur um hrygg og hlúð er að afreksmálum í stóruáttum mæli.

Hvað sem líður þeim fjölmörgu óleystu verkefnum og viðfangsefnum sem íþróttahreyfingin er að kljást við, þá leyfi ég mér að fullyrða að hún er á réttri leið. Sporin eru öll tekin fram á við. Og bráðum komumst við á beinu brautina.

*Ellert B Schram
Forseti ÍSÍ*

Mynd á forsíðu: Ólympíufarar frá 1912, sparibúnir með glæsilega hatta! Axel Kristjánsson, Guðmundur Kr. Guðmundsson, Halldór Hansen, Hallgrímur Benediktsson, Jón Halldórsson, Kári Arngrímsson, Magnús Tómasson (Kjaran) og Sigurjón Pétursson.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ

Á 65. Íþróttþingi ÍSÍ sem haldið var í KA heimilinu á Akureyri 24.-26. mars 2000 voru eftirtaldir kjörnir í framkvæmdastjórn ÍSÍ:

Forseti:
Ellert B. Schram

Auk hans voru kjörin í stjórn:
Sigríður Jónsdóttir, Friðjón B. -
Friðjónsson, Benedikt Geirsson,
Hafsteinn Pálsson, Helga H.
Magnúsdóttir, Örn Andrésson, Unnur
Stefánsdóttir, Ágúst Ásgeirsson,
Sigmundur Þórisson og Engilbert
Olgeirsson.

Í varastjórn voru kjörin:
Björg Blöndal, Birgir Guðjónsson og Jón
Gestur Viggósson.

Á fyrsta fundi framkvæmdastjórnarinnar skipti stjórnin með sér störfum á þann veg að Sigríður Jónsdóttir tók við embætti varaforseta, Benedikt Geirsson tók við embætti ritara og Friðjón B. Friðjónsson tók við embætti gjaldkera. Stjórnin



Framkvæmdastjórn ÍSÍ starfstímabilið 2000 – 2002 ásamt framkvæmdastjóra. Eftir röð f.v.: Stefán S. Konráðsson, framkvæmdastjóri, Sigmundur Þórisson, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Jón Gestur Viggósson, Engilbert Olgeirsson, Birgir Guðjónsson og Ágúst Ásgeirsson. Neðri röð f.v.: Friðjón B. Friðjónsson, Unnur Stefánsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Ellert B. Schram, Helga H. Magnúsdóttir, Björg Blöndal og Benedikt Geirsson.

hefur haldið 30 framkvæmdastjórnarfundum frá síðasta Íþróttþingi. Þá hefur framkvæmdaráð, sem í sitja forseti, gjaldkeri og framkvæmdastjóri, ásamt varaforseta sem einnig er formaður Fræðslu- og

útbreiðslusviðs, ritara sem einnig er formaður Afrekssviðs og Hafsteini Pálssyni sem er formaður Almenningsiþrótt- og umhverfissviðs, haldið um 40 fundum á milli framkvæmdastjórnarfunda.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal



Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal fer fram mikil starfsemi ÍSÍ og sérsambanda ÍSÍ, ÍBR, UMSK, Getspár/Getrauna, Reykjavíkumarkaðs, Ferðaskrifstofunnar ÍT-

ferðir og ýmissa annarra aðila sem leigja aðstöðu í miðstöðinni. Húsnæðið í Íþróttamiðstöðinni er fullnýtt til útleigu en tekið skal fram að tölvufyrirtækið

Anza, sem áður hét Álit, leigir tvær hæðir af ÍSÍ og Íslenskum getraunum í húsi nr. 2, án þess að nýta hæðirnar því fyrirtækið flutti á síðasta ári í Ármúlan með starfsemi sína. Leigusamningur fyrirtækisins við ÍSÍ og Getraunir rennur hins vegar ekki út fyrr en 1. febrúar 2003. Áfram hefur verið unnið að endurbótum á miðstöðinni enda um stórt mannvirki að ræða sem þarfnast stöðugs viðhalds. Vegna viðvarandi lekavandamála var ráðist í að gera viðamiklar framkvæmdir á þaki í anddyri Íþróttamiðstöðvarinnar og í leiðinni voru gerðar endurbætur innanhúss.

Á næstu árum er nauðsynlegt að halda áfram að gera enn frekari endurbætur og halda í horfinu í Íþróttamiðstöðinni.

Á vormánuðum árið 2001 var tekið í notkun nýtt og öflugt símakerfi í Íþróttamiðstöðinni sem mun væntanlega leiða til hagræðis og sparnaðar hjá ÍSÍ og sérsamböndunum.

Afmæli ÍSÍ

28. janúar sl. varð ÍSÍ 90 ára. Framkvæmdastjórn ÍSÍ skipaði sl. haust afmælisnefnd sem í sátu Ellert B. Schram forseti, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Magnús Oddsson og Hannes Þ. Sigurðsson fyrrv. varaforsetar ÍSÍ og Björg Blöndal í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Nefndin gerði ýmsar tillögur um verkefni tengd afmæli ÍSÍ og ber þar hæst hvatningarverkefnið Ísland á iði, sem kynnt er sérstaklega hér í skýrslunni.



28. janúar sl. varð ÍSÍ 90 ára. Af því tilefni var efnt til blaðamannafundar þar sem m.a. verkefnið Ísland á iði var kynnt. Á myndinni má sjá Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra ásamt Ellert B. Schram, forseta ÍSÍ, Sigríði Jónsdóttur, varaforseta og Gísla Halldórssyni, heiðursforseta ÍSÍ.

Erlend samskipti



ÍSÍ hefur mikilvægum samskiptum að gegna við fjölmörg erlend íþróttasamtök og stofnanir. Við sameiningu ÍSÍ og ÓÍ 1997 voru alþjóðleg samskipti endurskoðuð og samræmd þannig að ný samtök héldu áfram góðum tengslum á alþjóðlegum vettvangi jafnframt því að ítrustu hagkvæmni og sparnaði var beitt. ÍSÍ hefur aðallega samskipti við IOC-Alþjóða Ólympíunefndina, EOC- Evrópusamband Ólympíunefnda, ENGSO –samtök frjálsra íþróttasamtaka í Evrópu og Samstarfsnefnd íþróttasambanda Norðurlandanna. Að auki hafa verið sóttir fundir hjá Íþróttanefnd Evrópuráðsins í Strassbourg, fundir íþróttamálaráðherra Evrópu, fundir Heimssambands Ólympíunefnda – ANOC svo og fagfundir tengdir norrænu samstarfi.

Lausanneferð

ÍSÍ skipulagði ferð fyrir forystumenn úr íþróttahreyfingunni til höfuðstöðva Alþjóða Ólympíunefndarinnar í Lausanne. Ferðin var farin dagana 27.-30. september sl. og tóku 42 forystumenn á landsvísi þátt í ferðinni. Almenn ánægja var með ferðina og óhætt að segja að ferðin hafi eftir samkennd þeirra sem tóku þátt og aukið skilning íþróttaforystunnar á starfsemi ólympíuhreyfingarinnar.



Forystumenn íþróttahreyfingarinnar í Ólympíusafninu í Lausanne.

Skrifstofa ÍSÍ í Reykjavík og á Akureyri


Skrifstofa ÍSÍ hefur mikilvægu hlutverki að gegna í íþróttahreyfingunni. Grunnstarfsemi skrifstofu ÍSÍ skiptist í þrjú starfssvið þ.e. Afrekssvið, Almennings-íþrótt- og umhverfissvið og Fræðslu- og útbreiðslusvið. Lögð er áhersla á skilvirkni og góða þjónustu við sambandsaðila sem og almenning. Tilraun ÍSÍ og Akureyrarbæjar með skrifstofu á Akureyri hefur mælst afar vel fyrir og hefur ÍSÍ hug á að halda þeirri tilraun áfram. ÍSÍ hefur haldið afar vel á góðu starfsfólki á undanförunum árum en rekstur sambandsins er undir stjórn framkvæmdastjóra ÍSÍ Stefáns Konráðssonar.




Starfsfólk ÍSÍ frá vinstri: Stefán S. Konráðsson, Gígja Gunnarsdóttir, Halla Kjartansdóttir, Kristinn J. Reimarsson, Steinunn A. I. Tómasdóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Líney Rut Halldórsdóttir, Vilborg Magnúsdóttir.

Aðalfundur EOC á Íslandi

Dagana 5.-7. desember nk. verður haldinn hér á landi aðalfundur Evrópusambands ólympíunefnda. ÍSÍ keppti við Júgóslavíu og Slóveníu um gestgjafahlutverkið og hafði betur í atkvæðagreiðslunni. Hátt í 300 manns gætu mætt til fundarins og er hann því afar stór í skipulagningu og framkvæmd. Fundurinn verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík.



Jacques Rogge forseti IOC mætir á aðalfund EOC.



Innra skipulag ÍSÍ

Útgáfa Íþróttablaðsins



ÍSÍ hefur gefið út 2-3 tölublöð af Íþróttablaðinu á ári frá síðasta Íþróttþingi. Blaðið er gefið út sem sérstakt aukablað með Morgunblaðinu og lögð er áhersla á að greina þar frá innra starfi hreyfingarinnar, helstu verkefnum sambandsaðila og

ÍSÍ og vakin athygli á ýmsum þáttum innan íþróttastarfsins sem alla jafna er ekki fjallað um í fjölmiðlum. Útgáfa þessi hefur að mestu leyti staðið undir sér með auglýsingum.

Verkefnasjóður



Úthlutun þjálfarastyrkja úr verkefnasjóði haustið 2001.

Verkefnasjóður ÍSÍ var stofnaður árið 1994 af framkvæmdastjórn ÍSÍ og hefur það að markmiði að styrkja sambandsaðila ÍSÍ vegna sérverkefna sem miða að því að efla íþróttastarfið í landinu og verkefna sem sjóðsstjórn metur að séu styrkhæf. Framkvæmdastjórn ÍSÍ setti sérstaka

reglugerð fyrir sjóðinn við stofnun hans. Stærstu styrkir Verkefnasjóðs hafa verið þjálfarastyrkir sem veittir hafa verið á vorin og haustin og mikil ásókn hefur verið í. Verkefnasjóður hefur komið sem stuðningsaðili að verkefnum sem alla jafna hafa fengið lítinn stuðning.

Undanþága vegna íþróttaiðkunar í grunnskóla

Í lok síðasta árs sendi Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands erindi til menntamálaráðherra, Björns Bjarnasonar, þar sem óskað var eftir því að ráðherra léti athuga hvort ekki væri hægt að marka skýrar reglur um undanþágubeiðnir er snúa að íþróttaiðkun í grunnskóla. Þessar reglur hafa ekki verið til í ráðuneytinu.

Forsaga málsins er sú að Fimleikasamband Íslands fékk fyrirspurn frá foreldri sem á iðkenda í landsliði í fimleikum um það hvort ekki væri möguleiki á að sækja um afslátt af tímasókn fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla sem æfa fimleika 20 - 30 tíma á viku. Viðkomandi var kunnugt um að bæði nemendur í tónlistarskóla og ballettnámi fengu slíkt. Í ljósi þessa sótti Fimleikasamband Íslands um slíkan afslátt til Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkurborgar sem vísaði til 35. gr. laga um grunnskóla þar sem kveðið er á um að menntamálaráðherra sé heimilt að veita undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því.

Í ljósi erindis frá ÍSÍ hafa þessi mál verið til skoðunar og nú hefur menntamálaráðuneytið látið útbúa leiðbeinandi reglur um undanþágu frá skólaiþróttum á grunnskólastigi með vísan í 35. gr. laga um grunnskóla nr. 6/1995. Reglurnar er hægt að nálgast á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

Bókhald sérsambanda

ÍSÍ bauð sérsamböndum upp á bókhaldsþjónustu sem tilraun til að samnýta starfsfólk í þágu sérsambandanna. Þrjú sambönd ákváðu að nýta sér þjónustuna og er verkefnið hugsað sem tilraun í eitt ár. Ákvörðun um framhaldið verður tekin eftir reynslutímann.

50 ára afmæli sigurs í landskeppni

Pann 29. júní á sl. ári gengust ÍSÍ, FRÍ og KSÍ fyrir hófi í tilefni þess að 50 ár voru liðin frá sigri Íslendinga á Dönnum og Norðmönnum í landskeppni í frjáls-íþróttum sem fram fór á Bislett 28. og 29. júní 1951, en sömu helgi lagði Ísland Svíþjóð að velli í knattspyrnu á Melavelli. Ingi Þorsteinsson formaður FRÍ 1962-1965, og þátttakandi í íslenska frjáls-íþróttaliðinu á Bislett, hafði forgöngu um málið og stýrði undirbúningi. Hófið var haldið á Hótel Sögu að undangenginni guðsþjónustu í Neskirkju. Ágúst Asgeirsson fyrrv. formaður FRÍ og stjórnarmaður ÍSÍ sá um skipulagningu af hálfu ÍSÍ.



Frá hófi ÍSÍ, KSÍ og FRÍ á Hótel Sögu.

Framlög ríkisins

Í ljósi mikillar umræðu um erfiða fjárhagsstöðu íþróttahreyfingarinnar, rýra styrki til sérsambanda og ÍSÍ frá opinberum aðilum og úrbætur þar að lútandi, hefur forysta ÍSÍ á undanförunum árum beitt miklum þrýstingi og átt viðræður við menntamálaráðherra og alþingismenn til að fá fram úrbætur í þessum málum. Ýmsar úrbætur hafa litið dagsins ljós, rekstrarstyrkir til ÍSÍ hafa verið auknir og árleg framlög til Afrekssjóðs hafa verið tryggð. Á fjárlögum ársins 2002 koma fram verulegar úrbætur. Í fyrsta lagi styrkir ríkið sérsamböndin um 5 milljónir króna til að standa undir þjálfarakostnaði sérsambanda, 10 milljónir eru hér eftir settar árlega í sjóð til styrktar ungum og efnilegum afreksmönnum 14 -18 ára og ÍSÍ fær árlega 10 milljónir króna til að standa undir kostnaði vegna Ólympíuleika, Smáþjóðaleika og þess háttar. Á móti falla tímabundin framlög til ÍSÍ vegna Ólympíuleika niður.

ÍSÍ hefur sótt um á fjárlögum fyrir árið 2003 að rekstrarstyrkur til sambandsins verði aukinn og að framlag ríkisins vegna lyfjaeftirlits verði stórúkið í samræmi við að menntamálaráðuneytið hefur skrifað undir Evrópusáttmála um lyfjaeftirlit. Þá sótti ÍSÍ sérstaklega um 100 milljón króna framlag frá Alþingi vegna reksturs sérsambanda ÍSÍ. Rekstur sérsambanda ÍSÍ kostar um 700 milljónir á ári og er því ekki óeðlilegt að óska eftir myndarlegu fjárfrahlaga frá Alþingi til að standa undir þessum kostnaði. Nokkur sérsam-

bönd ÍSÍ sóttu jafnframt um styrki til Alþingis fyrir árið 2003 og verður spennandi að sjá framvindu mála á haustmánuðum. ÍSÍ óskaði jafnframt eftir því við Alþingi að sambandinu verði veittir myndarlegir rekstrarstyrkir vegna þjónustuskrifstofu sambandsins á Akureyri og hugsanlega vegna þjónustuskrifstofu á Vestfjörðum og á Egilsstöðum. ÍSÍ átti afar gott samstarf við fyrrverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, og í ráð-

herratið hans fengust fram mikilvægar breytingar og lagfæringar í fjármálum og ýmsum öðrum málaflokkum, til hagsbóta fyrir íþróttahreyfinguna. Þrátt fyrir það er íþróttaförystan á einu máli um að halda verði áfram að sækja á um úrbætur hvað fjárfrahlög varðar. Það er von og vissa ÍSÍ að nýr menntamálaráðherra, Tómas Ingi Ólrich, verði góður samstarfs- og stuðningsaðili íþróttahreyfingarinnar, eins og fyrirrennari hans.

Afrekssjóður ÍSÍ



Örn Arnarson, sundmaður. Einn af þeim íþróttamönnum sem hlýtur styrk úr Afrekssjóði.

Á síðasta Íþróttþingi ÍSÍ var samþykkt afrekssafna ÍSÍ. Sameiginlegt markmið íþróttahreyfingarinnar er að eiga hverju sinni afreksmenn og afrekshokka í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum og að stöðugt hækki afrekssstig íþróttanna. Með samþykkt stefunnar var hnykkt á mikilvægi Afrekssjóðs ÍSÍ og lögð áhersla á að sérsambönd ÍSÍ mótuðu sínar eigin afrekssstefnur. Afrekssafna sérsambanda er forsenda fyrir styrkveitingum úr Afrekssjóði ÍSÍ. Sérsamböndin hafa lagt töluverða vinnu í þetta mál og hafa 19 sérsambönd og tvær sérgreinaneindir skilað afrekssstefnu. Þörf er þó á endurskoðun á afrekssstefnum hjá flestum sérsamböndum.

Hnefaleikar lögleiddir

Þau sögulegu tíðindi gerðust á Alþingi í vetur, að hnefaleikar voru lögleiddir að nýju eftir nær hálfri öld bann. Framkvæmdastjórn ÍSÍ sem og heilbrigðisráð ÍSÍ mæltu bæði með samþykkt og viðurkenningu á íþróttinni.

Það var gert á eftirfarandi forsendum:

- 1) áhugamannahnefaleikar er hvergi bannaðir í hinum vestræna heimi
- 2) íþróttin er viðurkennd sem keppnisgrein á Ólympíuleikum
- 3) engar upplýsingar liggja fyrir um að ólympískir hnefaleikar séu hættulegri en aðrar íþróttir
- 4) gætt verði fyllstu varúðar og öryggis, hvort heldur á æfingum eða við keppni
- 5) íþróttahreyfingin getur ekki og á ekki að standa gegn því í fjálsu samfélagi að þegnum þess sé bannað að leggja stund á þá íþrótt, sem þeir óska og mismuna þannig íþróttgreinum og einstaklingum.

Fullyrða má að meðmæli ÍSÍ hafi vegið þungt í hugum þeirra sem greiddu atkvæði með lögleiðingunni, enda gert ráð fyrir að íþróttin lúti reglum, lögum og eftirliti af hálfu ÍSÍ.

Nokkur hnefaleikafélög hafa sótt um aðild að íþróttabandalögum og héraðs-

samböndum. Stofnuð hefur verið hnefaleikanefnd innan ÍSÍ, sem mun fara með yfirstjórn íþróttarinnar, meðan ekki hefur verið stofnað sérsamband. Reglugerðir og keppnisreglur eru í þýðingu og vinnslu og stefnt er að mótahaldi og/eða sýningu í áhugamannahnefaleikum í vor eða sumar.



Ungir og áhugasamir hnefaleikakíðkendir á æfingu.

Viðurkenning til Austur-Héraðs



Varaforseti ÍSÍ, Sigríður Jónsdóttir og bærstjóri Austur-Héraðs, Björn Hafþór Guðmundsson.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur haft það fyrir sið undanfarin ár að veita sveitarfélögum, sem hafa verið ötul að byggja upp íþróttamannvirki, viðurkenningu fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Þann 11. maí 2001 afhenti varaforseti ÍSÍ, Sigríður Jónsdóttir, bærstjóra Austur-Héraðs, Birni Hafþóri Guðmundssyni, viðurkenningu fyrir uppbyggingu glæsilegra íþróttamannvirkja á Austur-Héraði. Afhendingin fór fram í kvöldverðarboði sem bærstjórn Austur-Héraðs hélt framkvæmdastjórn ÍSÍ á Hótel Héraði.

ÍSÍ óskar Austur-Héraði hjartanlega til hamingju með þessa glæsilegu íþróttastöðu og vonast til að íþróttalíf á Austurlandi öllu megi eflast enn frekar með tilkomu þessara mannvirkja.

Slysatryggingar íþróttamanna

Í júlí á s.l. ári barst bréf frá heilbrigðisyrirvöldum, þess efnis að tryggingaráð hefði ákveðið að skerða þau réttindi, sem íþróttafolk hefur notið í slysabótum vegna íþróttameiðsla, á þann hátt, að bætur fengjust því aðeins greiddar, að viðkomandi íþróttamaður gæti sýnt fram á tíu daga óvinnufærni af völdum slyssins.

Ákvörðun tryggingaráðs byggðist á þeim fullyrðingum að íþróttaslys kostuðu TR rúmlega 60 millj. kr. árlega og færur þær bætur hækkandi ár frá ári.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ mótmælti þá þegar þessari ákvörðun og í framhaldinu frestaði heilbrigðisráðherra gildistöku samþykktar tryggingaráðs. Viðræður hafa síðan staðið yfir milli ÍSÍ og fulltrúa tryggingarstofnunar og heilbrigðisráðuneytisins. Í ljós hefur komið að fullyrðingar um 60 millj. kr. útgjöld, beinlínis vegna íþróttaslysa og sérstakra réttinda íþróttafólks, voru gróflega ýktar og er niðurstaðan sú, að sérstakar bætur að þessu leyti, sem greiddar eru af almannatryggingarkerfinu, vegna heimildarákvæðis og réttindi íþróttafólks láta nærri að vera um 20 millj. kr. á ári.

Nú hefur heilbrigðisráðherra gefið út reglugerð, byggða á samþykkt tryggingaráðs, sem tók gildi 1. apríl s.l. Niðurstöður í viðræðunum liggja enn fremur að



mestu fyrir, og fela það í sér, ef af verður, að ÍSÍ mun taka yfir og taka að sér, greiðslu bóta, sem áður hafa verið á höndum TR, með tilstyrk frá heilbrigðisráðherra. Væntanlega verður gengið formlega frá því samkomulagi á íþróttabingi.

Íþróttafolk, læknar, sjúkrahjálparar og

íþróttafélög sem og aðrir sem hagsmuna hafa að gæta, varðandi lyktir þessa máls, hafa að sjálfsgöðu haft áhyggjur og beðið í óvissu. Vonir standa til að samningur við Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið liggja fyrir þegar þessi skýrsla er birt og yfirtaka ÍSÍ gildi frá og með 1. apríl.

Ólympíusamhjálpin



Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri funda með Pere Miro framkvæmdastjóra Ólympíusamhjálparinnar.

Ólympíusamhjálpar Alþjóða Ólympíunefndarinnar - IOC hefur vaxið gríðarlega á undanförunum árum vegna sífellt stærri og sterkari samninga sem IOC hefur gert um sjónvarpsréttindi á sýningum frá Ólympíuleikum. ÍSÍ og sérsamböndin hafa notið góðs af þessum styrkjum og má fullyrða að styrkir til ÍSÍ og sérsambanda komi til með að aukast enn frekar á næstu árum.





Fjármál íþróttahreyfingarinnar

ÍSÍ stóð fyrir tveimur ráðstefnum á árinu 2001 um fjármál íþróttahreyfingarinnar og hefur þegar haldið eina ráðstefnu það sem af er árinu 2002. Rekstur hreyfingarinnar hefur verið erfiður á undanförunum árum og rekstrarafkoma hefur víða versnað. Sem fyrr eru aðallega vandræði hjá félögum sem eiga lið í efstu deildum í knattspyrnu, handknattleik og körfuknattleik. ÍSÍ hefur hvatt sambandsaðila til að taka á sínum málum og sýna ábyrgð í rekstri. Ráðgert er að halda áfram með fjármálafræðslu í íþróttahreyfingunni.

Tölvumál

Á síðasta Íþróttþingi var samþykkt til-laga um að fela framkvæmdastjórn ÍSÍ að endurskoða tölvumál íþróttahreyfingarinnar með það að markmiði að tölvukerfið sé aðgengilegt upplýsingakerfi fyrir alla íþróttahreyfinguna. ÍSÍ var einnig falið að fjármagna uppbyggingu kerfisins. Tölvu- og samskiptanefnd ÍSÍ hefur einbeitt sér að greiningu og skoðun á tölvumálum íþróttahreyfingarinnar. Viðræður hafa átt sér stað við Infosport Danmark A/S varðandi tölvukerfi Danska Íþrótt- og Ólympíusambandsins og þreifingar hafa átt sér stað við Norska Íþrótt- og Ólympíusambandið. Þá átti nefndin samskipti við menntamálaráðherra vegna skoðunar á styrkmöguleika frá Upplýsingasamfélaginu, sem er verkefni á vegum menntamálaráðuneytisins. Í byrjun þessa árs heimilaði framkvæmdastjórn ÍSÍ að nefndin semdi um óháða þarfagreiningu við Tölvu- og verkfræðiþjónustu Halldórs Kristjánssonar, í góðri samvinnu við Ungmennafélag Íslands. Þá hefur nefndin skoðað sérstaklega með hvaða hætti sé hægt að fjármagna uppbyggingu nýs tölvukerfis og rekstur þess. Með uppbyggingu tölvukerfis ÍSÍ árið 1994 voru stigin mikilvæg spor í tölvumálum íþróttahreyfingarinnar. Hins vegar er alveg ljóst að kostnaður við uppbyggingu þess kerfis varð mun meiri en efni stóðu til. Því hefur verið lögð sérstök áhersla á að fara varlega í þessu máli því um er að ræða afar víðfemt mál og dýrt. Málið er til umræðu á Íþróttþingi 2002.



Fjármálaráðstefnur ÍSÍ hafa verið vel sóttar. Myndin er frá ráðstefnunni á Hótel Loftleidum í mars 2001.



Heimasíða ÍSÍ.

Heimasíða ÍSÍ

Lögð hefur verið mikil vinna í að þróa heimasíðu ÍSÍ þannig að hún sé öflugur upplýsingagjafi um starfsemi ÍSÍ og sambandsaðila þess. Mikil aðsókn hefur verið á heimasíðu ÍSÍ en þar má m.a. finna öflugan fréttavef sem fjölmiðlar landsins hafa verið duglegir að vakta. Umfjöllun fjölmiðla um starfsemi ÍSÍ hefur aukist til muna eftir að fréttavefur ÍSÍ komst í gagnid.

Lagamál

Í kjölfar sameiningar ÍSÍ og Ólympíunefndar árið 1997 bar sambandsaðilum að samræma lög sín við ný lög ÍSÍ. Á þeim tíma hvatti ÍSÍ sambandsaðila sína einnig til þess að endurskoða lögina, gera þau einfaldari og skilvirkari. Við samþykkt Íþróttþings árið 2000 varðandi lög um dómstóla ÍSÍ voru sambandsaðilar enn á ný beðnir að samræma lög sín vegna breytinga á dómstólakerfi hreyfingarinnar. Mikil vinna hefur farið í það hjá Laganefnd ÍSÍ að yfirfara lög sambandsaðila með tilliti til framangreinds og gera tillögur til framkvæmdastjórnar, en framkvæmdastjórn þarf að staðfesta allar lagabreytingar sambandsaðila ÍSÍ. Einnig er tímafrekt í starfi Laganefndar ÍSÍ að yfir-

fara lög nýrra félaga í íþróttahreyfingunni. Nauðsynlegt er að héraðssambönd og íþróttabandalög, sem fara með málefni félaga í héraði hefji skoðun á lögum félaganna og setji vinnu í að lagfæra lög þeirra og samræma. Í mörgum íþróttaherudum landsins eiga viðkomandi héraðssambönd ekki lög aðildarfélaga sinna og fylgjast ekki með eða eru ekki upplýst um þær lagabreytingar sem félögin gera á fundum sínum. Þá er slæmt að vita til þess að mörg íþrótt- og ungmennafélög finna ekki sín eigin lög í gögnum viðkomandi félaga. Lög eru afar mikilvægur þáttur í félagastarfi og því mikilvægt að mál sem þessi séu í sem bestum farvegum innan héraðs.

Getspá/Getraunir

Miklar breytingar hafa einkennt íslenskt viðskiptalíf á undanförunum árum og hafa fyrirtæki endurskoðað starfsemi sína og skipulag til þess að standa af sér þær breytingar sem orðið hafa. Rekstur Get-

spár/Getrauna er engin undantekning í þessu efni og hafa síðastliðin ár verið viðburðarrík þar sem starfsemin hefur verið endurskipulögð með það að markmiði að ná fram sem mestri arðsemi fyrir eignar-

aðila og styrkja stöðuna á happdrættismarkaðnum. Ennfremur er hið hefðbundna sölumynstur í mörgum tilfellum að víkja fyrir nýrri tækni svo sem Netinu, GSM sínum og gagnvirku sjónvarpi. Það er því mikilvægt að Getspá/Getraunir endurskoði sífellt starfsemi sína til þess að laga hana að breyttum þörfum á markaðnum.

Þann 1. janúar 2000 var stigið stórt skref í átt að auknu hagræði hjá Getspá/Getraunum en þá tók gildi þjónustusamningur milli Íslenskra getrauna og Íslenskrar getspár. Samningurinn styrkir mjög starfsemi Getspár/Getrauna með betri nýtingu á húsnæði og samnýtingu ýmissa þátta í rekstrinum. Nýtt stjórnskipulag Íslenskrar getspár tók gildi samhliða þjónustusamningnum en helstu breytingar eru þær að sölueiningarnar eru nú tvær og skiptast annars vegar í Lottósvið, sem markaðsfærir Lottó 5/38, Víkingalottó og Jóker, en hins vegar í Getraunasvið sem markaðsfærir Enska- og Ítalska boltann auk Lengjunnar. Bakvinnsluþættirnir eru samnýttir að fullu en þar skiptast einingarnar í Tæknisvið, Tölvusvið og Fjármálasvið. Samstarfsamningurinn hefur nú verið í gildi í rúm tvö ár og er ánægjulegt að geta greint frá því að framkvæmdin hefur í alla staði gengið mjög vel og hefur samstarfið styrkt stöðu beggja fyrirtækjanna til muna. Á næstu vikum verður síðan stigið enn eitt skrefið í átt til aukinnar samvinnu fyrirtækjanna þegar Lottóleikirnir fara í sölu á Internetsölukerfi Íslenskra getrauna en með því er verið að nýta þá þróun og fjárfestingu sem þar hefur átt sér stað. Miklar vonir eru bundnar við sölu Lottóleikjanna á Internetinu og vonandi tekst að laða að nýja kynslóð viðskiptavina.

Ljóst er að hlúa þarf að dreifileiðum fyrirtækisins því miklar breytingar hafa átt sér stað á smásölumarkaði þar sem klukkubúðir, bensinstöðvar og stórmarkaðir hafa verið að bæta þjónustu sína í samkeppni við hverfaverslanir og sjoppur. Beinlínutengt sölukerfi Íslenskrar getspár hefur verið í endurskoðun á undanförunum árum og hafa Lottókassar í sumum tilvikum verið færðir til að bregðast við þessari samkeppni. Nú stendur yfir tilraun með þarfir stórmarkaða og sjálfsgreiðslustaða í huga sem hefur gefist vel.

Ljóst er að vörubróun verður lykilatriði





Hluti starfsfólks Íslenskra getrauna og Íslenskrar getspár ásamt stjórnarformönnum, Stefáni Konráðssyni og Vífli Oddssyni.



á næstu misserum til þess að viðhalda þeim tekjustofni sem Getspá/Getraunir hafa verið fyrir eigendur sína. Það er því mikilvægt að Getspá/Getraunir fylgist vel með stefnum og straumum í happdrættismálum til þess að þróa vörur sínar í samræmi við nýja tíma þarfir og tækni.

Síðasta starfsár var ár stórra áfanga og tókst að ná þeim markmiðum sem sett voru. Háð var varnarbarátta á íslenskum happdrættismarkaði og má segja að sú barátta hafi borið tilætlaðan árangur. Það er hinsvegar ekki í anda eignaraðila að heyja varnarbaráttu heldur skal sótt fram til sigurs rétt eins og í íþróttunum. Gleyfum því ekki að Getspá/Getraunir eru gullegg íþrótt, ungmenna og öryrkja og það ber að vernda. Jafnframt má segja að Getspá/Getraunir séu draumasmíðja okkar viðskiptavina því hver sá sem vinnur í leikjum okkar kemst nær því að láta drauma sína rætast.



Ólympíufjölskyldan

Í byrjun ársins 2001 endurnýjaði ÍSÍ samstarfssamninga við 5 valinkunn íslensk fyrirtæki; Íslandsbanka, Flugleiðir, Sjóvá-Almennar, Austurbakka og VISA Ísland, um samstarf í Ólympíufjölskyldunni fram yfir Ólympíuleikana í Aþenu 2004. Með samstilltu átaki þessara fyrirtækja til fjögurra ára er ÍSÍ og sársamböndunum gert kleift að halda áfram að efla afreksstarf í íþróttum á Íslandi. Öll þessi fyrirtæki hafa verið mjög ötul í að styðja við starf íþróttahreyfingarinnar í gegnum árin. Fjármagninu verður, að þessu sinni, ráðstafað til sársambanda ÍSÍ fyrir Ólympíuleikana í Salt Lake City

2002 og Aþenu 2004 en einnig til annarra stórvirkefna sársambanda ÍSÍ, svo

sem þátttöku í Heimsmeistaramótum og Evrópukeppnum.

ÓLYMPIUFJÖLSKYLDAN
Öflugur stuðningur við afreksíþróttir

SJÓVÁ-ALMENNAR | VISA | ICELANDAIR | ÍSLANDBANKI
AUSTURBAKKI HF

Ólympíuleikar Sydney 2000

Ólympíuleikarnir í Sydney árið 2000 voru þeir 27. í röðinni sem haldnir hafa verið frá árinu 1896. Þetta er í annað sinn sem Ólympíuleikarnir fara fram í Ástralíu, hinir fyrri voru haldnir í Melbourne árið 1956. Vilhjálmur Einarsson langstökkvari vann til silfurverðlauna á þeim leikum.

Ólympíuleikarnir í Sydney voru þeir stærstu til þessa. Þrátt fyrir stærðina þóttu þeir takast afar vel þar sem skipulagning Ástrala var til fyrirmyndar. Keppendur voru alls 11.116, þar af 4254 konur, frá 199 þjóðum. Íslenskir keppendur voru alls 18 og var jöfn skipting á milli kynja. Ísland átti keppendur í fimm íþróttagreinum þ.e. fimleikum (1), frjálsum íþróttum (6), siglingum (1), skotfimi (1) og sundi (9).

Samanlagður árangur Íslendinga hefur aldrei verið betri. Vala Flosadóttir stangarstökkvari, varð fyrst íslenskra kvenna til að vinna til verðlauna á Ólympíuleikum þegar að hún vann til bronsverðlauna í



Þátttakendur Íslands á Ólympíuleikunum í Sydney 2000.

stangarstökki. Guðrún Arnardóttir varð fyrst íslenskra kvenna til að komast í úrslit í hlaupagrein á Ólympíuleikum en hún varð í 7. sæti í 400m grindarhlaupi.

Örn Arnarson varð í fjórða sæti í 200m baksundi og varð þar með fyrstur sundmanna til að komast í úrslit á Ólympíuleikum.

Ólympíuleikar 2002 – Salt Lake City



Þátttakendur Íslands á Vetrarólympíuleikunum í Salt Lake 2002.

Ólympíuleikarnir í Salt Lake City eru 19. í röðinni sem haldnir hafa verið frá árinu 1924. Þetta er í fjórða sinn sem Ólympíuleikarnir fara fram í Bandaríkjunum. Í tvígang fóru leikarnir fram í Lake Placid í New York fylki þ.e. 1932 og 1980 en í Squaw Valley í Kaliforníu árið 1960. Árangur íslensku keppendanna var eftirfarandi:

Brun kvenna: Dagný Linda Kristjánsdóttir 31. sæti

Alpatvíkeppni kvenna: Dagný Linda Kristjánsdóttir 24. sæti í svigi, féll úr leik í bruni.

Risavíg kvenna: Dagný Linda Kristjánsdóttir féll úr leik

Svig kvenna: Emma Furuvík 33. sæti. Emma var í 43. sæti eftir fyrri ferðina

Stórsvig kvenna: Dagný Linda Kristjánsdóttir lauk ekki keppni

Stórsvig karla: Kristinn Magnússon 42. sæti. Björgvin Björgvinsson og Jóhann Friðrik Haraldsson luku ekki keppni

Svig karla: Kristinn Björnsson 22. sæti og Jóhann Friðrik Haraldsson 29. sæti.

Björgvin Björgvinsson og Kristinn Magnússon luku ekki keppni.



Ólympíuleikar í Aþenu 2004

Árið 1997 var Aþena valin til þess að halda Ólympíuleikana 2004. Keppt verður í 28 íþróttagreinum á leikunum. Ólympíuþorpið er staðsett við rætur Parnitha fjallsins í Archarnes nálægt miðborg Aþenu. Miðað er við að 16.000 keppendur og aðstoðarfólk komi til með að búa í Ólympíuþorpinu.



Lyfjaeftirlitsmál

Í lok ársins 1999 samþykkti Alþingi sérstaka aukafjárveitingu að upphæð 5.000.000,- kr. sem skyldi renna aukalega til baráttunnar gegn lyfjamisnotkun í íþróttum en ríkið hefur árlega veitt um 1.000.000 kr. til málaflokksins. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands fól Heilbrigðisráði ÍSÍ að sjá um nýtingu fjárveitingarinnar og var strax ákveðið að skipta fjármagninu á tvö ár og eyrnamerkja það undir nafninu „Átak í lyfjaeftirlitsmálum 2000-2001“. Markmið átaksins var að vekja athygli á og skapa umræðu um lyfjamisnotkun, sérstaklega meðal íþrótt- og líkamsrættarfolks.

Átakið skiptist í eftirfarandi þætti:

Lyfjapróf.

Lyfjaprófum var fjölgað um þriðjung og eru nú tekin rúmlega 100 lyfjapróf á ári.

Búnaður.

Skipt var yfir í nýjan búnað til lyfjaeftirlits, kennslutæki keypt vegna hans og haldið var þjálfunarnámskeið fyrir starfsfólk lyfjaeftirlitsins.

Kynning og fræðsla.

Öllum sérsamböndum, íþrótt- og ungmennafélögum, skólum, líkamsrættarstöðvum, félagsmiðstöðvum o.fl. voru send bréf þar sem Heilbrigðisráð ÍSÍ bauð upp á fræðsluerindi um lyfjamisnotkun og lyfjaeftirlit, endurgjaldslaust. Fjöldi aðila óskaði eftir erindum og fóru fulltrúar lyfjaeftirlits til íþróttafélaga, skóla og líkamsrættarstöðva auk þess sem hópar komu til fundar í aðalstöðvum ÍSÍ.

Veggspjaldaherferð.

Heilbrigðisráð ÍSÍ stóð fyrir veggspjald- og auglýsingaherferð gegn lyfjamisnotkun

ungmenna á Íslandi í nóvember 2000. Tilgangur herferðinnar var að minna á skadsemi og siðferðislega neikvæð áhrif lyfjamisnotkunar. Útbúið voru vönduð veggspjöld til að vekja athygli á málinu. Veggspjöldunum var dreift til íþróttafélaga, sérsambanda, sundlauga, íþróttahúsa, íþróttavalla, líkamsrættarstöðva, félagsmiðstöðva, skóla, íþróttavörubúða, heilsugæslustöðva, apóteka, stórmarkaða og víðar. Veggspjöldunum var fylgt eftir með stöðugum auglýsingum í íþróttasið-um dagblaðanna, greinaskrifum og annarri fjölmiðlaumfjöllum.

Árið 2001 kærði Heilbrigðisráð fjóra íþróttamenn til lyfjadómstóls ÍSÍ og var sakkfellt í tveimur málanna. Birgir Guðjónsson, formaður Heilbrigðisráðs, undi ekki niðurstöðu dómanna. Í framhaldi kom upp ágrenningur milli formannsins og stjórnar ÍSÍ sem endaði með afsögn formannsins. Nýr formaður er Sigurður Magnússon og hefur hann stjórnað endurskipulagningu lyfjaeftirlitsmála innan ÍSÍ og endurskoðun á lögum og reglugerðum sambandsins í málaflokknum.

Árið 2000 voru tekin 120 lyfjapróf, þar af 111 á vegum Heilbrigðisráðs. Árið 1999 voru tekin 66 lyfjapróf á vegum Heilbrigðisráðs. Árið 2001 voru tekin 107 próf, þar af 99 á vegum Heilbrigðisráðs. Ekkert sýni reyndist jákvætt árið 2000 en tvö jákvæð sýni komu fram árið 2001. Í báðum tilfellum var um efnid eferdrin að ræða og voru viðkomandi íþróttamenn dæmdir til refsingar í kjölfarið.

Kostnaður við hvert lyfjapróf er nú um 32.000 kr. Alls eru nú 15 þjálfaðir starfsmenn sem vinna við lyfjaeftirlit innan ÍSÍ.

Meðfylgjandi er að finna yfirlit yfir lyfjapróf árin 2000 og 2001.

Íþróttagrein	Í keppni	Utan keppni	Samtals
Blak	4		4
Fimleikar		1	1
Frjálsar íþróttir	3*+11	27+6*	47
Handkn.leikur	22	13	35
Júdó		10	10
Karate		4	4
Knattspyrna	26	6	32
Körfuknattleikur	24	8	32
Ólympískar lyftingar	6	1	7
Siglingar		1	1
Skautaiþróttir	4	3	7
Skíðaiþróttir		9	9
Skotfimi	3	1	4
Skvass	2		2
Skylmingar		3	3
Sund	4	2*+12	18
TaeKwonDo		3	3
Tennis		2	2
Annað	2*	4*	6
Samtals	111	116	227
	48%	52%	100%

*Próf sem framkvæmd eru fyrir aðra en Heilbrigðisráð ÍSÍ, s.s. eftir Íslandsmet í frjálsu eða á erlendum íþróttamönnum sem hafa keppt hér á landi fyrir hönd þjóðar sinnar. Þessi próf eru ekki kostuð af Heilbrigðisráði ÍSÍ.

Til viðmiðunar:

Samtals próf 1996: 50

Jákvæð próf: 2

Samtals próf 1997: 65

Jákvæð próf: 2

Samtals próf 1998: 74

(þar af 60 próf á vegum Heilbrigðisráðs)

Jákvæð próf: 0

Samtals próf 1999: 75

(þar af 66 próf á vegum Heilbrigðisráðs)

Jákvæð próf: 1

Samtals próf 2000: 120

(þar af 111 próf á vegum Heilbrigðisráðs)

Jákvæð próf: 0

Samtals próf 2001: 107

(þar af 99 próf á vegum Heilbrigðisráðs)

Jákvæð próf: 2



Smáþjóðaleikar 2001 í San Marínó



Smáþjóðaleikarnir 2001 voru haldnir í smárikinu San Marínó dagana 28. maí – 2. júní. Íslensku keppendurnir á leikunum voru 87, en að meðtöldum lækni, fararstjórum, flokksstjórum, dómurum og fulltrúum ÍSÍ voru þátttakendur alls 115. Keppt var í eftirtöldum íþróttgreinum: blaki karla og kvenna, bowls, borðtennis, frjálsum íþróttum, hjóltreidum, júdó,

körfuknattleik karla, skotfimi, sundi og tennis.

Keppnisárangur:

Íslendingar hafa ávallt verið sigursælir á Smáþjóðaleikum og þessir leikar voru þar engin undantekning eins og sjá má á eftirfarandi yfirliti.

	Gull	Silfur	Brons
Ísland	31	18	16
Kýpur	27	21	17
Luxemborg	12	24	16
San Marínó	12	8	16
Malta	7	12	16
Mónakó	5	8	14
Andorra	5	6	7
Liechtenstein	2	2	2

Verðlaunaskipting hjá Íslandi á milli greina var eftirfarandi:

	Gull	Silfur	Brons
Sund	21	9	9
Frjálsar	7	4	3
Júdó	3	2	2
Borðtennis		2	1
Karfa karla		1	
Skotfimi			1

Smáþjóðaleikar Malta 2003

Smáþjóðaleikarnir árið 2003 verða haldnir á Möltu dagana 2. – 7. júní. Keppt verður í blaki, borðtennis, frjálsum íþróttum, júdó, körfuknattleik, siglingum, skotfimi, sundi, tennis og veggtennis.



Sumarhátíð Ólympíudaga Evrópuæskunnar 2001 Murcia



6. sumarhátíð Ólympíudaga Evrópuæskunnar fór fram í borginni Murcia á Spáni dagana 22. – 27. júlí 2001. Á þessum leikum voru 2.300 ungir keppendur frá 46 Evrópuþjóðum en Grikkir og Kypurbúar hættu við þátttöku vegna hermanna-veikilífella sem komu upp í byrjun júlí í Murcia. Heilbrigðisráð Murcia og Spánar gerðu viðamiklar varúðarráðstafanir til þess að stöðva og fyrirbyggja útbreiðslu hermanna-veikinnar. Evrópusamband ólympíunefnda (EOC) skipaði einnig sérstaka sérfræðinefnd til þess að fylgjast með málum. Nefndin skilaði síðan álitinu sínu og í framhaldi af því ákvað EOC að leikarnir yrðu haldnir eins og áætlað var. ÍSÍ leitaði álits Heilbrigðisráðs ÍSÍ sem ráðfærði sig við sóttvarnarlækna hér heima sem að töldu að það væri með öllu óhætt að fara á leikana. Á sameiginlegum fundi ÍSÍ með öllum þátttakendum Íslands var farið yfir viðeigandi varúðarráðstafanir.



Þátttakendur Íslands á Sumarhátíð Ólympíudaga Evrópuæskunnar í Murcia.

Í tilkynningu síðar á leikunum var því haldið fram að Murcia væri öruggasta borg í Evrópu hvað varðaði hermanna-veiki.

Keppt var í sex einstaklingsíþróttagreinum og fjórum hópíþróttagreinum. ÍSÍ fékk ekki boð um að taka þátt í hópíþrótt að þessu sinni. Keppendur Íslands voru

alls 24 þ.e. fimleikar (3), frjálsar íþróttir (6), júdo (5), siglingar (2), sund (6) og tennis (2).

Fagteymi

ÍSÍ setti á stofn fagteymi fyrir Ólympíuleikana í Sydney. Markmiðið með fagteyminu er að halda utan um og samræma þjónustu fyrir skilgreindan fjölda afreksíþróttamanna sem er á styrk hjá ÍSÍ hverju sinni. Í fagteymi ÍSÍ starfa læknar, sjúkraþjálfari, sálfræðingar, nuddari og næringarfræðingur, undir stjórn Heilbrigðisráðs ÍSÍ. Fagteymi ÍSÍ starfar með tilstyrk frá Ólympíufjölskyldunni og Afrekssjóði.



Órn Arnarson í aðhlyningu sjúkraþjálfara og læknis á Ólympíuleikunum í Sydney.

Ólympíuakademían

Hlutverki Íslensku Ólympíuakademíunnar hefur verið breytt á þann veg að hún er nú hluti af Fræðslu- og útbreiðslusviði ÍSÍ, sem Sigríður Jónsdóttir, varaforseti ÍSÍ stýrir.

Formaður akademíunnar er Ingólfur Hannesson.



Vetrarhátíð Ólympíudaga Evrópuæskunnar 2001



Þátttakendur á Vetrarhátíð Ólympíudaga Evrópuæskunnar í Vuokatti.

Fimmta vetrarhátíð Ólympíudaga Evrópuæskunnar var haldin í Vuokatti í Finnlandi 10. – 16. mars 2001. Keppendur voru 1.000 frá 44 Evrópuþjóðum. Íslenskir keppendur voru alls ellefu, átta í alpageinum og þrjár í norrænum greinum.



Útgáfumál

ÍSÍ hefur lagt mikla áherslu á að auka framboð fræðsluefnis auk þess sem hluti af eldra efni hefur verið endurnýjað. Þeir bæklingar sem hafa verið gefnir út eru m.a.:

Líkamsæfingar fyrir fólk á besta aldri
Líkamsæfingarnar komu út í nóvember 2001. Þetta eru nýstárlegar leiðbeiningar



HREYFING LENGIR LÍFIÐ

Gónger og sund bæta lífslíkur um 25% til 30%

Helstu ástæður fyrir þessum niðurstöfum eru:

• Gónger og sund bæta lífslíkur um 25% til 30%

• Gónger og sund bæta lífslíkur um 25% til 30%

• Gónger og sund bæta lífslíkur um 25% til 30%

• Gónger og sund bæta lífslíkur um 25% til 30%

• Gónger og sund bæta lífslíkur um 25% til 30%

• Gónger og sund bæta lífslíkur um 25% til 30%

• Gónger og sund bæta lífslíkur um 25% til 30%

• Gónger og sund bæta lífslíkur um 25% til 30%

prentaðar sem flettblöð í tveimur stærðum og sem veggspjöld. Með útgáfu á þessum æfingum er ætlunin að bæta úr brýnni þörf fyrir leiðbeiningar í líkamsrækt handa þeim sem eldri eru. Síndar eru fjölbreyttar æfingar sem henta vel og allir geta stundað daglega ásamt hollum ráðum um næringu, svefn, slökun, beinþynningu og fleira. Afar jákvæð viðbrögð hafa verið við þessu efni og þykir hafa tekist vel til.

Trimbæklingar

Fjórir bæklingar um almenningisíþróttir voru gefnir út í janúar 2002. Trimmnefnd Danmerkur gaf þá upphaflega út, en ÍSÍ fékk leyfi til að þýða þá og staðfæra yfir í íslenskt samfélag. Bæklingarnir heita: Ganga – góð leið til heilsubóta, Skokk – góð leið til heilsubóta, Sund – góð leið til heilsubóta, Hjólreiðar – góð leið til heilsubóta. Bæklingunum er ætlað að mæta þörfum fyrir leiðbeiningar um almenningisíþróttir og eru gefnir út sem hvatning til fólks um að drifa sig af stað í



heilsusamlega hreyfingu. Bæklingarnir hafa fengið afar góðar viðtökur.

Aðrir bæklingar sem hafa verið gefnir út á tímabilinu eru m.a.:

- Kynferðisleg áreitni í íþróttum
- Áfengi og tóbak andstæðingur afreka
- Leiðbeinandi barna og unglinga, endurútféfið
- Næring íþróttafólks, endurútféfið
- Óþægilegar staðreyndir um munntóbak í samvinnu við Tóbaksvarnarnefnd
- Veggspjald – Vertu frjálss reyklaus – í samvinnu við Tóbaksvarnarnefnd

Kvennahlaup ÍSÍ

Hlaupið fór fram í 11. skipti sunnudaginn 18. júní 2000. Það fór fram á rúmlega 80 stöðum innanlands og á um 15 stöðum erlendis. Stærsta hlaupið var í Garðabæ eins og fyrri ár, en í heild tóku þátt um 18.000 konur. Á árinu 2001 var hlaupið haldið í 12. sinn laugardaginn 16. júní. Það fór fram á um 100 stöðum hérlendis og erlendis. Alls hlupu um 20.000 konur, þar af 7.500 í Garðabæ sem er næstmesti fjöldi frá upphafi þar á bæ.

Markmið hlaupsins frá upphafi var m.a. að stuðla að íþróttamynd kvenna, laða fram vilja þeirra og áhuga á íþróttum og heilsurækt og örva þær til þátttöku. Þetta markmið hefur svo sannarlega náðst og hefur Kvennahlaup ÍSÍ unnið sér fastan sess sem einn af stærstu almenningisíþróttaviðburðunum á ári hverju.



Frá Kvennahlaupinu í Garðabæ 2001.

Ísland á iði 2002 – afmælisverkefni ÍSÍ

Í tilefni af 90 ára afmæli Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands var ákveðið að fara af stað með hvatningarverkefnið “Ís-

land á iði 2002”. Verkefnið felst í því að hvetja landsmenn á öllum aldri til að rífa sig “upp úr sófanum” og setja heilsuna í

forgang með aukinni hreyfingu. Til að ná öflugum slagkrafti í hvatninguna er samstarfs leitad innan sem utan íþróttahreyfingarinnar. Sem dæmi um samstarfsaðila má nefna Heilbrigðisráðuneytið, Alþjóða Ólympíunefndina, sambandsaðila ÍSÍ, ýmsa fagaðila, sveitarfelög, stéttarfelög og fyrirtæki. Verkefnið felst aðallega í því að koma hvatningu til fólks um að hreyfa sig reglulega sjálfum sér til heilsubótar. Það er gert gegnum fjölmiðla, með dreifingu á fræðsluefni, veggspjöldum og ýmsum viðburðum. Verkefnið stóð t.d. fyrir heilsu- og hvatningardögum í Vetrargarðinum í Smáralind, helgina 16.-17. mars 2002. Þar kynntu mörg af sersamböndum ÍSÍ sínar íþróttgreinar fyrir almenningi sem gafst einnig kostur á að spreyta sig. Aðrir samstarfsaðilar verkefnisins tóku einnig þátt og dreifðu fræðsluefni, voru með hinar ýmsu mælingar og próf, veittu góð ráð og ýmislegt fleira. Það er allra hagur að vel takist til með hvatningarverkefnið Ísland á iði 2002 og er hér með skorað á alla þjóðina að standa með okkur í þessari mikilvægu „baráttu við sófann”.



Ísland á iði – upp úr sófanum.

Fræðslu- og útbreiðslumál

